



## Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 20. júní 2018 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

### 1. Formannskjör í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps.

Fundurinn er sá fyrsti eftir kosningar, Eiríkur J. Kjerúlf var kjörinn formaður nefndarinnar og Helga H. Vigfúsdóttir varaformaður.

### 2. Stækkun lóðar við Óbyggðasetrið.

Lögð fram teikning af stækkun lóðarinnar við Óbyggðasetrið. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir stækkun lóðarinnar fyrir sitt leyti og telur hana nauðsynlega vegna fyrirhugaðrar baðhúsbyggingar og annarar athafnarsemi Óbyggðasetursins. Nefndin áréttar að staðfæra þarf uppdráttinn með hnitum á hornpunktum og jafnframt sé stærð lóðarinnar tilgreind á uppdrættinum.

### 3. Baðhús við Óbyggðasetrið.

Lagður fram hugmyndauppdráttur af baðhúsi og heitum potti sunnan við gamla íbúðarhúsið. Nefndinni líst vel á hugmyndina en óskar eftir að fá fullgerðar byggingarnefndarteikningar ásamt skráningartöflu af mannvirkinu, sem gerðar eru af löggiltum hönnuði.

### 4. Eftirlitsferð og vettvangsskoðun byggingarfulltrúa.

Á Hrafnkelsstöðum er búið að reisa fyrra sumarhúsið af tveimur sem samþykkt var á fundi byggingar- og skipulagsnefndar 24. mars í fyrra. Hjörtur hefur keypt stöðuhýsi sem hann geymir eins og er á eyrunum norðan við Vallholt. Hann hyggst koma því fyrir á flatlendum árbakkanum neðan íbúðarhússins á Hrafnkelsstöðum. Einnig hefur hann í hyggju að koma þar fyrir rotþró ásamt siturlögn fyrir allar byggingarnar. Ásgeir Eiríksson er búinn að reisa smáhýsi, sem er innan við 15 m<sup>2</sup> að flatarmáli á lóð sinni í landi Hrafnkelsstaða, þetta hús ætlar hann að nýta síðar sem aðstöðuhús við byggingu sumarhúss á lóðinni.

Við Óbyggðasetrið er búið að kanna jarðvegsaðstæður á fyrirhuguðum stað fyrir baðhúsið. Frekari framkvæmdir við það bíða haustsins

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf  
Helga H. Vigfúsdóttir  
Jón Þór Þorvarðarson